

# Einn-einn-tveir dagurinn



112 dagurinn er haldinn árlega þann 11. febrúar. Markmiðið með deginum er að kynna neyðarnúmerið 112 og starfsemi aðila sem tengjast því, efla vitund fólks á mikilvægi þessarar starfsemi og hvernig hún nýtist almenningi. Í ár var þema dagsins “öryggi á vatni og sjó” og miðar að því að vekja fólk til vitundar um öryggi í og við vötn: í sundlaugum, náttúrubaðstöðum, við sjósundstaði, við hafnarveiðar og á sjó. Í Snæfellsbæ var haldið upp á daginn með bílalest viðbragðsaðila sem ók frá slökkvistöðinni í Ólafsvík,

tók hún hring um bæinn og fór þaðan út á Hellissand og endaði að lokum á Rífi í Björgunarstöðinni Von þar sem viðbragðsaðilarnir voru með sýningu, kynntu störf sín og búnað, klifurveggur fyrir börnin var á staðnum og boðið var upp á veitingar. Í Grundarfirði fóru viðbragðsaðilar einnig rúnt um bæinn sem endaði á opnu húsi hjá Björgunarsveitinni Klakki. Með þessu minna viðbragðsaðilar á sig og það mikilvæga starf sem þeir sinna og að vanda var góð þátttaka í 112 deginum.

SJ

## Dagur leikskólans



Fimmtudaginn 6. febrúar var dagur leikskólans haldinn hátíðlegur í leikskólum landsins. Í ár var deginum fagnað í 17. sinn með formlegum hætti. 6. febrúar er merkilegur dagur í sögu leikskólans því það var á þessum degi árið 1950 sem frumkvöðlar leikskólakennara stofnuðu fyrstu samtök sín. Á þessum degi vekja leikskólakennarar, stjórnendur leikskólanna og starfsfólk athygli á því frábæra starfi sem

unnið er í leikskólum landsins á degi hverjum og hve kennsluhættir og starfsaðferðir leikskólustigsins eru börnum mikilvægt veganesti fyrir lífið sjálft. Á leikskólum Snæfellsbæjar var haldið upp á daginn með því að bjóða foreldrum og forráðamönnum leikskólakennara til morgunverðar auk þess sem myndlistarsýningar með verkum eftir börnin voru settar upp í Hraðbúðinni á Hellissandi og í Kassarum í Ólafsvík.

SJ

## Atvinna í boði

### Byggingarvinna

Starfsfólk vantar í byggingarvinnu í Grundarfirði

Upplýsingar  
í síma 840-6100



# Porrablót á Jaðri



Porrablót var haldið á Jaðri með glæsibrag í síðustu viku. Sigrún Erla, forstöðukona, var kynnrir kvöldsins. Matráðurinn, Anna Reyes, sáu um að töfra fram ljúffengar kræsingar í anda þorrans og fór enginn svangur heim. Pétur Steinar Jóhannsson hélt ræðu og sagði nokkra brandara sem slóu í gegn meðan gesta. Þegar hann hafði lokið máli sínu fékk hann góðvini sína Bjarna Ólafsson og Vigfús Kristinn Vigfússon upp á svið til sín ásamt Þorsteini Jakobsyni og þeir sungu saman nokkur lög. Bjarni og Vigfús (Vivvi) ásamt Valentínu Kay voru í hljómsveitinni Hinir Síungu ásamt Stefáni J. Sigurðssyni og Gunnari Hjartarsyni og því við hæfi að þeir tækju lagið saman við tilefnið.

Guðrún Alexandersdóttir las

upp æskuminningar áður en Inga Fanney Jónsdóttir og Ólafur Vignir Sigurðsson fóru með minni kvenna og minni karla.

Baldvin Leifur Ívarsson var með óvænt atriði á blótinu en hann söng lag fyrir gesti. Hljómsveitin Vinátta spilaði undir og léku svo fyrir dansi langt fram á kvöld. Það var mikið dansað, sungið og hlegið.

Fyrir nokkrum árum var venja að halda Þorrablót fyrir íbúa Jaðars og máttu þau þá bjóða með sér einum gesti utan heimilisins. Þetta voru stórar veislur og alltaf mikið stuð. Vegna COVID voru haldin Þorrablót fyrir íbúa en gestir voru ekki leyfðir. Í ár var breyting þar á og fengu allir íbúar að bjóða með sér einum gesti í fyrsta skiptið síðan 2019. Íbú-

ar og starfsmenn eru fegnir því að Þorrablótin séu komin aftur í upprunalegt horf, enda skemmti-

legra að blóta þorrann með aðstandendum og vinum.

JJ



**Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímarpantanir í síma 436-1111



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

## Atvinna í boði

**Þrif**

Starfsfólk vantar í þrif  
í Kirkjufell Guesthouse Grund

Upplýsingar  
í síma 840-6100



Vetrartónleikar Menningarnefndar Snæfellsbæjar

# GDRN + MAGNÚS JÓHANN

## ÓLAFSVÍKURKIRKJA

### 29. FEBRÚAR 2024

Húsið opnar kl. 20:00. Tónleikar hefjast kl. 20:30.

Miðasala í Ráðhúsi Snæfellsbæjar á opnunartíma. Miðaverð kr. 3.500.



# Styrktartónleikar

Dagur tónlistarskólans var haldinn með pomp og prakt í síðustu viku þegar leik- og grunnskólanemendur Tónlistarskóla Snæfellsbæjar héldu styrktartónleika til styrktar börnum í Grindavík. Hugmynd kom frá foreldrafélagi tónlistarskólans að halda styrktartónleika í stað hefðbundins tónfundar sem átti að fara fram þessa viku. Með því gætu þau einnig lagt góðu málefni lið. Söfnunin var eyrnamerkt útskriftarárgangi Grunnskóla Grindavíkur en árgangurinn sá ekki fram á að geta farið í útskriftarferð vegna jarðhræringanna í Grindavík. Tónleikarnir tókust frábærlega fyrir fullri kirkju af gestum. 126 þúsund krónur söfnuðust með

frjálsum framlögum og tók Páll Erlingsson, umsjónarkennari 10. bekkjar Grunnskóla Grindavíkur, við gjöfni fyrir þeirra hönd. Páll varð meyr við afhendinguna og vildi koma á framfæri innilegu þakklæti nemenda sinna fyrir samkennd og fallegan hug til þeirra. Fyrir tilstuðlan þeirra sem mættu á tónleikana og annarra sem hafa sýnt þeim hlýhug mun útskriftarferðin verða að veruleika. Foreldrafélag tónlistarskóla Snæfellsbæjar vill koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem tóku þátt í þessu fallega verkefni og til barnanna sem stöðu sig einstaklega vel.

JJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is  
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Þétur Kristinnsson hdl.  
löggtur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

## Deiliskipulag

### Nýtt deiliskipulag miðsvæðis á Hellissandi, Snæfellsbæ

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti á fundi sínum þann 8. febrúar 2024 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi í samræmi við 1. mgr. 41. gr skipulagslaga á miðsvæði M-1 á Hellissandi.

Á miðsvæði M-1 á Hellissandi er fyrirhugað að gera deiliskipulag fyrir stækkun hótels á lóðum nr. 7a og 9 við Klettsbúð. Deiliskipulagið er í fullu samræmi við aðalskipulag. Þar er gert ráð fyrir að hækka núverandi hótél um eina hæð og verður það þriggja hæða. Auk þess er fyrirhugað að reisa tveggja hæða viðbyggingu fyrir hótélherbergi og einnar hæðar viðbyggingu við matsal.

**Gögn eru frá Valhönnun:** Greinargerð, deiliskipulagsuppráttur í mælikvarða 1:1.000 og skýringaruppráttur í 1:500 sem sýnir snið með húshæðum. Í greinargerð á upprætti er gerð grein fyrir umhverfismati áætlunar.

Hægt er að skoða tillöguna frá 15. febrúar – 28. mars 2024 á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, skipulagsgatt.is, undir málsnúmeri 953/2023. Einnig liggur tillagan frammi í Ráðhúsi Snæfellsbæjar að Klettsbúð 4, 360 Hellissandi og á heimasíðu Snæfellsbæjar, www.snb.is.

Kynningarfundur verður haldinn í Félagsheimilinu Röst, Hellissandi, í byrjun mars 2024. Nákvæm dagsetning og tímasetning verður auglýst síðar á heimasíðu Snæfellsbæjar og í Bæjarblaðinu Jökli.

Umsagnaraðilum og þeim sem eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna í síðasta lagi 28. mars 2024. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast inn á skipulagsgatt.is vegna máls númer 953/2023.

### Nýtt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Ölkeldu, Snæfellsbæ

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti á fundi sínum þann 8. febrúar 2024 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi í landi Ölkeldu í samræmi við 1. mgr. 41. gr skipulagslaga.

Í landi Ölkeldu eru tvö frístundahús og er gert ráð fyrir í deiliskipulagstillögu að í umræddum reit verði sjö nýjar lóðir skipulagðar þannig að þar verði í heildina níu frístundalóðir. Nýjar lóðir verði að lágmarki 3.000 fm og verði húsin lágreist og að hámarki 140 fermetrar að stærð. Svæðið er innan frístundabyggðar F-4 í gildandi aðalskipulagi eftir óverulega breytingu.

**Gögn eru frá Landlínunum:** Greinargerð, deiliskipulagsuppráttur í mælikvarða 1:2.000 og yfirlitsmynd í 1:50.000 úr aðalskipulagi Snæfellsbæjar. Í greinargerð er gerð grein fyrir umhverfisáhrifum tillögunnar.

Hægt er að skoða tillöguna frá 15. febrúar – 28. mars 2024 á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, skipulagsgatt.is, undir málsnúmeri 947/2023. Einnig liggur tillagan frammi í Ráðhúsi Snæfellsbæjar að Klettsbúð 4, 360 Hellissandi og á heimasíðu Snæfellsbæjar, www.snb.is. Hlutaðeigandi geta óskað eftir kynningu í ráðhúsinu eftir samkomulagi.

Umsagnaraðilum og þeim sem eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna í síðasta lagi 28. mars 2024. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast inn á skipulagsgatt.is vegna máls númer 947/2023.


#### Skipulagsfulltrúi Snæfellsbæjar



Snæfellsbær | Klettsbúð 4 | 433 6900 | snb.is

# Nýbyggingar til sölu í Grundarfirði

Ölkelduvegur 29-31-33-35-37



## Til sölu ný raðhús í Grundarfirði.

Húsin eru í byggingu og verða afhent tilbúin til innréttinga í sept/okt 2024. Upplagt tækifæri fyrir þá sem geta eitthvað gert sjálfir eða eiga góða að. Í Grundarfirði er mjög lítið til af eignum til sölu og fasteignaverð hefur hækkað mikið. Þegar eru 2 af þessum 5 rahúsum seld. Hægt er að taka hlutdeildarlán á þessu hús. Stutt í skóla.

Uppl í síma 840 – 6100

## Na sprzedaż nowe kamienice w Grundarfjörður

Domy są w budowie i zostaną dostarczone gotowe do remontu we wrześniu/październiku 2024 roku. To świetna okazja dla tych, którzy potrafią zrobić coś na własną rękę lub dobrze się bawić. W Grundarfjörður jest bardzo mało nieruchomości na sprzedaż, a ceny nieruchomości znacznie wzrosły. 2 z tych 5 domów są już sprzedane. Możesz zaciągnąć pożyczkę partnerską na te domy. Poza szkołą.

Tel. 840 – 6100

## FULLBÚIÐ ÚTI - Tilbúið undir tréverk inni.

### Byggingarlýsing:

Húsið er staðsteypt á hefðbundinn hátt, einangrað að utanverðu með 120 mm steinull.

Yfir einangrun eru útveggir klæddir með loftræstri 2mm litaðri áklæðningu. Klæðning og einangrun nær 50 cm niður fyrir gólfplötu. Þakfni og þakkantar úr aluzink. Allur utanhússfrágangur miðast við að lágmarks viðhald. Þakrennur og niðuröll eru LINDAB.

Á bakhlíð er sólpallur. Bílastæði ásamt aðkomu að framan eru steipt (Öll framhliðin). Lóðin er tyrft grasi. Gluggar og hurðir frá SG Gluggar eða Bykó og bílskúrshurðir frá VT hurðum. Bílskúrshurðir eru með sjálvvirkum opnara. Öll útljós uppsett. Þá er lagt fyrir bílahleðslu utanhúss. Allt gler er K-gler eða sambærilegt skv. byggingareglugerð. Með glerinu fylgir sú ábyrgð sem framleiðandi glersins veitir. Steiptir veggir milli húsa og bílskúra eru sérstaklega hljóðeinangraðir. Þessi einangrun er umfram það sem gert var ráð fyrir í hönnun og tryggir vandaða hljóðvist.

### Frágangur innanhúss:

Íbúðum er skilað á eftirfarandi hátt.

GÓLF: Gólf tilbúin til flotunar.

LOFT: Fulleinangruð.

ÚTVEGGIR: Tilbúinir fyrir sandsparsl.

HITALÖGN: Gólfhitalögn er í öllum húsinu og bílskúr þar sem hann er.

Verð 75 m<sup>2</sup> hús samkvæmt lýsingu **27,5 millj.** Fullbúið með öllu **42,5 millj.**

Verð 125 m<sup>2</sup> hús samkvæmt lýsingu **41,0 millj.** Fullbúið með öllu **61,0 millj.**

**ATH. HÆGT ER AÐ FÁ AÐ SKOÐA FULLBÚIÐ HÚS**



**Nesbyggð**  
við byggingum fyrir þig

Skrifstofa prentsmiðjunnar Steinprent  
og umboðs Sjóvá á Snæfellsnesi verður lokuð  
frá 15. - 29. febrúar

Þeir sem þurfa aðstoð eða upplýsingar  
vegna trygginga er bent á síma  
**440 2390 og 440 2000**

Bæjarblaðið Jökull kemur út 22. og 29. febrúar



## Kynfræðsla í Grunnskólanum



Vika 6 eða sjötta vika hvers árs er tileinkuð kynfræðslu í menntastofnunum landsins. Starfsfólk er þá hvatt til þess að bjóða upp á fjölbreytta kynfræðslu sem hentar hverju aldrurstigi. Foreldrafélag grunnskóla Snæfellsbæjar ákvað að bjóða upp á fyrirlestur með kynfræðingnum Indíönu Rós fyrir alla foreldra og forráðamenn fimmtudaginn 8. febrúar síðastliðinn en Indíana hafði þá haldið fyrirlestra fyrir börn í 5.-10. Bekk yfir daginn.

Indíana er með M.Ed í kynfræði og hefur starfað við kynfræðslu frá árinu 2016. Hún leggur áherslu á að nálgast fræðsluna með virðingu og hómur að leiðarljósi. Þegar hún hélt fyrirlesturinn fyrir foreldra kynnti hún hvað börnin voru að fræðast um í kynfræðslunni yfir daginn og leiðbeindi foreldrum hvernig best væri að taka samtalið um kynlíf og kynheilbrigði heima ásamt fjölmörgu öðru.

JJ



# Gjaldskrá

## fyrir Tjaldsvæði Snæfellsbæjar

### 2024

*Gildir frá 1. janúar 2024*

**Gisting:**

Almennt gjald.....	1.900 kr.
Börn, 0-13 ára.....	Frítt
Börn, 14-16 ára.....	500 kr.
- frítt fyrir börn í fylgd með foreldrum/forráðamönnum	
Ellilífeyrisþegar (65+) og öryrkjar.....	1.400 kr.

**Tilboð:**

Fyrsta nóttin.....	1.900 kr.
Önnur nóttin.....	1.600 kr.
Þriðja nóttin.....	1.600 kr.
Fjórða nóttin.....	1.250 kr.

**Annað:**

Rafmagn pr. dag.....	950 kr.
----------------------	---------

Gjaldskrá þessi er samþykkt í bærarstjórn Snæfellsbæjar þann 7. desember 2023. Tekur gjaldskrá þessi gildi þann 1. janúar 2024 og frá sama tíma fellur niður gjaldskrá fyrir tjaldsvæði Snæfellsbæjar sem gilt hefur frá 1. janúar 2023.

**Snæfellsbær, 7. desember 2023**

**Kristinn Jónasson, bærarstjóri**





## Þrautreyndar rekstrarvörur! Allt á einum stað!



### Salernispappír 500 blaða

Tveggja laga hvítur salernispappír með 500 blöðum á rúllu. Ein rúlla jafnast á við tvær og hálfra rúllu af hefðbundnum rúllum. Hagkvæmt og þægilegt.



### Risa-WC

Salernispappír Júmbórúllur Stórar rúllur af salernispappír fyrir skammtara, stærri og minni gerð. Umhverfisvottað með Evrópublóminu.



### Miðapurrkur (Z- & V- brot) og rúllur

Umhverfisvottað með Evrópublóminu.



### Ecodos Skömmunarbrúsar

Ecodos hreinsiefnin eru umhverfisvottuð í brúsum úr endurunnu plasti og með innbyggðum skömmunarbúnaði, *Gler- og innréttingahreinsir.* *Baðherbergishreinsir.* *Gólfþápa.* *Fituleysir.* *Taupvottaefni.*



### Taupvottaduft Voot 15kg

Öflugt þvottaduft fyrir taupvott, hentar vel fyrir vinnufatnað, sængurfatnað, handklæði ofl.



### Eldhúsrúllur Blossom


Tveggja laga hvítar eldhúsrúllur með 88 blöðum á rúllu, 28 rúllur í sölueiningu. Umhverfisvottað með Evrópublóminu.

**Sterk og endingargóð hreinlætisáhöld sem þola allt að 134°C.**  
Áhöldin bera vottanir Evrópusambandsins, BRCGS og FDA.

### Sópar og burstar



### Heilsteyptar þvörur



### Fiber- og álsköft

